

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. júní 1991

um breytingu á tilskipun 86/109/EBE um að takmarka markaðssetningu ákveðinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“

(91/376/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/424/EBE ⁽⁴⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 66/401/EBE er veitt heimild til markaðssetningar á stofnfræi, vottuðu fræi og sölufraei ákveðinna tegunda fóðurjurta.

Með 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 66/401/EBE er framkvæmdastjórninni veitt heimild til að banna markaðssetningu á fræi nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Í tilskipun 86/109/EBE er markaðssetning á fræjum ákveðinna tegunda fóðurjurta meðal annars takmörkuð við fræ sem hefur verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Fyrir sumar tegundir, sem um getur í tilskipun 86/109/EBE, gilda þessi höft á markaðssetningu frá og með 1. júlí 1991. Nú virðist, að því er margar þessar tegundir varðar, sem aðildarríkin verði ekki fær um að framleiða nóg af stofnfræi og vottuðu fræi á þessum tíma til að fullnægja eftirspurn í bandalaginu eftir fræi.

Aðildarríki sem hafa veitt opinbert samþykki fyrir stofnum viðkomandi tegunda ættu samt að stuðla að framleiðslu á fræjum þessara tegunda sem fá opinbera vottfestingu sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Framkvæmdastjórnin kannar hvernig best sé að stuðla að markaðssetningu á fræjum sem eru framleidd á þennan hátt.

Það er því rétt að kveða á um ákveðnar bráðabirgðaráðstafanir þar til hægt er að framleiða nóg af stofnfræi og vottuðu fræi þessara tegunda.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 86/109/EBE:

1. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að frá og með 1. júlí 1991 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— *Alopecurus pratensis* L.

— *Arrhenatherum elatius* (L.) Beauv. ex

J. S. og K. B. Presl.

— *Bromus catharticus* Vahl

— *Bromus sitchensis* Trin.

— *Lupinus luteus* L.

— *Lupinus angustifolius* L.

— *Poa nemoralis* L.

— *Trisetum flavescens* (L.) Beauv.

— *Phacelia tanacetifolia* Benth.

— *Sinapis alba* L.

— háliðagrass

— ginhafra

— sólfax

— sitkafax

— gulra lúpína, annarra stofna en beiskra

— lensulúpína

— kjarrsveifgrass

— akurlógresis

— bíflugnablóms

— hvíts mustarðs

nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 93, 8. 4. 1986, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 196, 12. 7. 1989, bls. 50.

2. Við bætist ný grein svohljóðandi:

„3. gr. a

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 5. mgr. skulu aðildarríkin kveða á um að frá og með 1. júlí 1991 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— <i>Agrostis canina</i> L.	— týtulíngresis
— <i>Festuca ovina</i> L.	— sauðvinguls
— <i>Lupinus albus</i> L.	— hvíttra lúpína, beiskra stofna
— <i>Lupinus luteus</i> L.	— gultra lúpína
— <i>Trifolium alexandrium</i> L.	— alexandríusmára
— <i>Trifolium incarnatum</i> L.	— logasmára
— <i>Trifolium resupinatum</i> L.	— persasmára
— <i>Vicia sativa</i> L.	— fóðurflækju
— <i>Vicia villosa</i> Roth	— dúnflækju

nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, fyrir daginn sem nefndur er í 1. mgr., hve mikið þau þurfa af frægum tegundanna sem um getur í 1. mgr. til sáningar á yferráðasvæðum sínum fyrir 31. desember 1991 ef svo virðist sem fyrirleggjandi fræ, vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“, fullnægi ekki þörfinni.

3. Aðildarríki sem hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni samkvæmt 2. mgr. um hugsanlegan skort á fræi, sem hefur verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“, skulu:

- safna öllum fánlegum upplýsingum um aðlögun stofna viðkomandi tegunda, sem skráðar eru í sameiginlegri skrá yfir fóðurjurtategundir, að aðstæðum á yferráðasvæðum sínum og skila upplýsingunum til framkvæmdastjórnarinnar sem fyrst og ekki síðar en 1. október 1991,
- stuðla að því að staðbrigðum, sem fyrir eru, af viðkomandi tegundum sé haldið við á réttan hátt til að þau uppfylli skilyrði fyrir opinberu samþykki stofna.

4. Aðildarríki sem hafa samþykkt opinberlega stofna viðkomandi tegunda skulu stuðla að framleiðslu á frægum þeirra sem fái opinbera vottfestingu sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“. Framkvæmdastjórnin kannar hvernig best sé að stuðla að markaðssetningu á frægum sem eru framleidd á þennan hátt.

5. Aðildarríkin sem um getur í 3. mgr. fá hér með heimild til að leyfa markaðssetningu fram til 31. desember 1991 á fræi, sem er undir opinberu eftirliti sem „sölufra“, í því magni sem nauðsynlegt er til að mæta þeirri þörf sem getið er um í 2. mgr. Til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er í IV. viðauka við tilskipun 66/401/EBE skal tilgreina á opinbera merkimiðanum:

- hvers konar efni um er að ræða, og
- að fræið sé eingöngu ætlað hlutaðeigandi aðildarríki.

6. Verði um skort að ræða eftir 31. desember 1991 gilda ákvæði 17. gr. tilskipunar 66/401/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.
